

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/7****2016/EES/44/36****frá 5. janúar 2016****um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 59. gr., og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eitt meginmarkmið tilskipana 2014/24/ESB og 2014/25/ESB er að létta stjórnábyrði samningsyfirvalda, samningsstofnana og rekstraraðila, ekki síst lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er lyklatríði í þessari viðleitni. Staðlaða eyðublaðið fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda ætti því að vera samið með þeim hætti að komist verði hjá því að þurfa að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða eða annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðum og hæfiskröfum. Á staðlaða eyðublaðinu ætti einnig, í þessu skyni, að veita viðeigandi upplýsingar um aðila, sem rekstraraðilinn reiðir sig á hvað varðar getu, svo að staðfesting á upplýsingum varðandi slíka aðila geti farið fram samhliða staðfestingunni í tengslum við aðalrekstraraðilann og samkvæmt sömu skilyrðum.
- 2) Samningsstofnunum, sem heyra undir tilskipun 2014/25/ESB og sem þurfa, þegar þær beita útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfunum sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB, að gera það á sama hátt og með sömu skilyrðum og samningsyfirvöld, ætti einnig að vera mögulegt að nota samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.
- 3) Til að forðast stjórnábyrði fyrir samningsyfirvöld og samningsstofnanir og hugsanlegar mótsagnir í hinum ýmsu útbodsgögnum ættu samningsyfirvöld og samningsstofnanir að tilgreina fyrir fram og með skýrum hætti þær upplýsingar, sem rekstraraðilum ber að veita í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda, í útbodsauglýsingunni eða með tilvísunum í henni til annarra hluta útbodsgagnanna sem rekstraraðilar verða ætíð að skoða vandlega vegna þátttöku sinnar og hugsanlegrar framlagningar tilboða.
- 4) Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda ætti einnig að stuðla að frekari einföldun fyrir bæði rekstraraðila, samningsyfirvöld og -stofnanir þar eð eitt staðlað, evrópskt eyðublað kemur í stað ýmissa ólíkra, landsbundinna eigin yfirlýsinga. Þetta ætti einnig að stuðla að því að draga úr vandamálum sem tengjast nákvæmni við vinnslu formlegra yfirlýsinga og yfirlýsinga um samþykki og einnig vandkvæðum í tengslum við tungumál þar sem staðlaða eyðublaðið verður aðgengilegt á opinberu tungumálunum. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda ætti því að greiða fyrir aukinni þátttöku í opinberum innkaupaferlum yfir landamæri.
- 5) Öll gagnavinnsla og gagnaskipti í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda ættu að fara fram í samræmi við landsreglur sem settar eru til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽³⁾, einkum landsreglur sem gilda um vinnslu upplýsinga er varða lögprot, refsíðma eða öryggisráðstafanir skv. 5. mgr. 8. gr. téðrar tilskipunar.
- 6) Rétt er að minna á að framkvæmdastjórninni ber að kanna beitingu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda í reynd með tilliti til tækniþróunar gagnasafna í aðildarríkjunum og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það fyrir 18. apríl 2017. Þegar það er gert getur framkvæmdastjórnin einnig tekið tillit til hugsanlegra tillagna til að bæta virkni hennar í því skyni að auka möguleika á þátttöku í opinberum innkaupum yfir landamæri, ekki síst fyrir lítil

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

og meðalstór fyrirtæki, eða hugsanlegra einfaldana innan ramma tilskipunar 2014/24/ESB. Hún getur einnig tekið til athugunar hugsanleg álitamál tengd þeirri starfsvenju að krefjast kerfisbundið vottorða eða annarra skriflegra sönnunargagna af öllum þátttakendum í tilteknu innkaupaverli eða þeirri starfsvenju að mismuna rekstraraðilum þegar þeir eru tilgreindir sem slíkra gagna er krafist af.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinber innkaup.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Frá og með gildistöku landsbundinna ráðstafana til framkvæmdar tilskipun 2014/24/ESB og í síðasta lagi frá og með 18. apríl 2016 skal nota staðlaða eyðublaðið í 2. viðauka við þessa reglugerð til að semja samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda, sem um getur í 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Leiðbeiningar um notkun hennar er að finna í 1. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

*I. VIÐAUKI***Leiðbeiningar**

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er eigin yfirlýsing rekstraraðila, sem veitir bráðabirgðasönnun er kemur í stað vottorða sem gefin eru út af opinberum yfirvöldum eða þriðju aðilum. Eins og kveðið er á um í 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB er um að ræða formlega yfirlýsingu rekstraraðila um að hann sé ekki í einhverjum af þeim aðstæðum sem eru eða geta verið ástæða til að útiloka rekstraraðila, að hann uppfylli viðkomandi hæfiskröfur og að hann uppfylli, eftir atvikum, hlutlægar reglur og viðmiðanir sem settar hafa verið í því skyni að takmarka fjölda hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka. Tilgangurinn með henni er að draga úr stjórnsýslubyrðinni sem fylgir þeirri kröfu að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða eða annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfum.

Til að auðvelda rekstraraðilum að fylla út samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda er aðildarríkjnum heimilt að gefa út leiðbeiningar um notkun hennar, t.d. til að útskýra hvaða ákvæði landslaga eiga við í tengslum við A-þátt III. hluta (⁴), að vera kunnir að opinberar skrár yfir samþykktu rekstraraðila hafi ekki verið teknar saman eða jafngild vottorð gefin út í tilteknu aðildarríki eða til að tilgreina hvaða tilvísanir og upplýsingar þurfi að gefa upp til að gera samningsyfirlýsingu eða samningsstofnunum kleift að ná í tiltekið vottorð með rafrænum hætti.

Þegar samningsyfirlýsing og samningsstofnanir útbúa útboðsgögn vegna tiltekinn innkaupaferlis verða þau að tilgreina í útboðsauglýsingu, í útboðsgögnum sem um getur í útboðsauglýsingu eða í boðum um að staðfesta áhuga hvaða upplýsinga þau muni krefjast frá rekstraraðilum, þ. á m. skal vera afdráttarlaus yfirlýsing um hvort láta þurfi í té upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. og III. hluta (⁵) að því er varðar undirverktaka ef rekstraraðilinn reidir sig **ekki** á getu þeirra (⁶). Þau geta einnig einfaldað rekstraraðilum verkið með því að tilgreina þessar upplýsingar beint í rafrænni útgáfu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda, t.d. með því að nota þjónustuna í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda, <https://webgate.acceptance.ec.europa.eu/growth/tools-databases/ecertis2/resources/esp/index.html> (⁷), sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar munu bjóða endurgjaldslaust fyrir samningsyfirlýsing, samningsstofnanir, rekstraraðila, veitendur rafrænnar þjónustu og aðra hagsmunaaðila.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda, sem rekstraraðilar hafa fyllt út til að veita tilskildar upplýsingar, verður að fylgja tilboðum í almennum útbodum og beiðnum um þátttöku í lokuðum útbodum, samkeppnisútbodum með samningsviðræðum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi (⁸). Bjóðandinn, sem til stendur að gera samning við, mun þurfa að láta í té uppfærð vottorð og fylgiskjöl nema í tilviki tiltekinna samninga sem byggjast á rammasamningum.

Aðildarríkjnum er heimilt að setja reglur um eða láta samningsyfirlýsing og samningsstofnanir um að ákveða hvort þau noti samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda einnig sem hluta af innkaupaferlum sem heyra ekki, eða ekki að fullu, undir ítarlegar málsmeðferðarreglur tilskipana 2014/25/ESB eða 2014/25/ESB, s.s. um innkaup undir viðeigandi viðmiðunarfjárhæðum eða innkaup sem falla undir sérstakar reglur sem gilda um félagsþjónustu og aðra sérstaka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“) (⁹). Á sama hátt er aðildarríkjnum heimilt að setja reglur um eða láta samningsyfirlýsing og samningsstofnanir um að ákveða hvort samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda verði einnig notuð í tengslum við gerð sérleyfissamninga, hvort sem þeir heyra undir ákvæði tilskipunar 2014/23/ESB eða ekki (¹⁰).

(⁴) Til dæmis að rekstraraðilar, sem hafa verið sakfelldir, skv. grein x, y og z í hegningarlögum landsins, verði að taka það fram þegar þeir fylla út upplýsingar varðandi dóma fyrir þátttöku í skipulögðum brotasamtökum eða peningabætti ...

(⁵) Upplýsingar varðandi ástæður til útilokunar.

(⁶) Sbr. þriðju undirgrein 5. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og þriðju undirgrein 5. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

(⁷) Þetta er tengill við bráðabirgðaútgáfu sem er í þróun. Þegar fullgerð útgáfa liggur fyrir verður settur inn tengill á hana eða hann gerður aðgengilegur á annan hátt.

(⁸) Staðan er flóknari þegar kemur að **samningskaupum án undangenginnar auglýsingar**, sem kveðið er á um í 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB þar sem þessi ákvæði eiga við um mjög ólíkan veruleika. Það að fara fram á samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda væri ónaúðsynleg stjórnsýslubyrði eða óviðeigandi á annan hátt 1) þar sem aðeins einn, fyrirframákveðinn þátttakandi kemur til greina (að því er varðar báðar tilskipanirnar, annars vegar 32. gr. (b-liður 2. mgr., b- og d-liður 3. mgr. og 5. mgr.) í tilskipun 2014/24/ESB og hins vegar 50. gr. (bókstafslíðir c, e, f og i) í tilskipun 2015/25/ESB) og 2) vegna knýjandi aðstæðna (annars vegar c-liður 2. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og hins vegar d- og h-liður 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB) eða vegna sérstakra einkenna viðskiptanna með vörurnar sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði (c-liður 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og g-liður 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB). Hins vegar mundi samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda gegna hlutverki sínu að fullu og fara ætti fram á hana í öðrum tilvikum, sem einkennast af hugsanlegri þátttöku fleiri en eins þátttakanda og þar sem ekki er um knýjandi aðstæður að ræða eða tiltekin einkenni tengd viðskiptunum; sú er raunin að því er varðar 32. gr. (a-lið 2. mgr., a-lið 3. mgr. og 4. mgr.) tilskipunar 2014/24/ESB og bókstafslíði a, b og j í 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

(⁹) 74.–77. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 91.–94. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

(¹⁰) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga, Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

Samningsyfirvald eða samningsstofnun getur hvenær sem er meðan á ferlinu stendur beðið hvaða bjóðanda sem er um að leggja fram öll tilskilin vottorð og fylgiskjöl eða hluta þeirra þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja tilhlýðilegan framgang ferlisins.

Hægt er að útiloka rekstraraðila frá innkaupaferli eða lögsækja þá samkvæmt landslögum ef þeir gerast sekir um alvarlegar rangfærslur við að fylla út samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda eða, almennt, við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu fyrir hendi útilokunarástæður eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, eða ef slíkum upplýsingum er leynt eða rekstraraðilar geta ekki lagt fram fylgiskjöl.

Rekstraraðilar geta notað aftur upplýsingar sem látnar hafa verið í té í samevrópskri hæfisfirlýsingu bjóðanda, sem áður hefur verið notuð í fyrra innkaupaferli, að því tilskildu að upplýsingarnar séu enn réttar og viðeigandi. Auðveldasta leiðin til þess er að færa upplýsingarnar inn í nýja samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda með viðeigandi virkni sem til þess er ætluð í framangreindri rafrænni þjónustu í tengslum við samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda (e. ESPD-service). Að sjálfsgöðu verður einnig hægt að endurnýta upplýsingar með því að afrita og líma inn upplýsingar á annan hátt, t.d. upplýsingar sem geymdar eru í upplýsingatæknibúnaði rekstraraðilans (einkatölvum, spjaldtölvum, netþjónum...).

Samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB skal samevrópsk hæfisfirlýsing bjóðanda vera á rafrænu formi eingöngu. Þessu má þó fresta til 18. apríl 2018 í síðasta lagi ⁽¹¹⁾. Þetta merkir að til 18. apríl 2018 í síðasta lagi kann hvort tveggja að vera til samhliða, útgáfur sem eru alveg rafrænar og pappírútgáfur. Framangreind þjónusta í tengslum við samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda mun gera rekstraraðilum kleift að fylla út samevrópskar hæfisfirlýsingar bjóðanda rafrænt í **öllum tilvikum**, og gera þeim með þeim hætti kleift að nýta sér til fulls þá virkni sem er í boði (ekki sist þá að nota upplýsingar aftur). Að því er varðar innkaupaferli þar sem notkun rafrænna samskiptaáðferða hefur verið frestað (sem er einnig mögulegt til 18. apríl 2018 í síðasta lagi), gerir þjónustan í tengslum við samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda rekstraraðilum kleift að prenta út á pappír samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda, sem fyllt hefur verið út rafrænt, sem þá má leggja fram hjá samningsyfirvaldi eða samningsstofnun eftir öðrum samskiptaleiðum en rafrænum ⁽¹²⁾.

Eins og áður hefur komið fram er samevrópsk hæfisfirlýsing bjóðanda formleg yfirlýsing rekstraraðila um að viðeigandi ástæður til útilokunar eigi ekki við, að hann uppfylli viðeigandi hæfiskröfur og að hann muni gefa viðeigandi upplýsingar sem samningsyfirvald eða samningsstofnun krefst.

Ef innkaupum er skipt upp í hlutasamninga og hæfiskröfur ⁽¹³⁾ eru ekki þær sömu fyrir alla hlutana, ber að fylla út samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda fyrir hvern hlutasamning (eða hóp hlutasamninga sem sömu hæfiskröfur gilda um).

Í samevrópskri hæfisfirlýsingu bjóðanda er enn fremur tilgreint hvaða opinbera yfirvald eða þriðji aðili ber ábyrgð á að útbúa fylgiskjölin ⁽¹⁴⁾ og hún inniheldur formlega yfirlýsingu um að rekstraraðili muni geta lagt fram þessi fylgiskjöl án tafar, sé þess óskað.

Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir geta kosið að takmarka, eða aðildarríkin kunna að krefjast þess af þeim að þau takmarki ⁽¹⁵⁾, upplýsingar sem krafist er varðandi hæfiskröfur við þá einu spurningu hvort rekstraraðilar uppfylli allar tilskildar hæfiskröfur (já eða nei). Þó að þessu kunni að vera fylgt eftir með beiðnum um frekari upplýsingar og/eða gögn ætti að gæta þess að forðast að leggja of þungar stjórnsýslubyrðar á rekstraraðila með því að krefjast kerfisbundið vottorða eða annarra skriflegra sönnunargagna af öllum þátttakendum í tilteknu innkaupaferli eða þá starfsvenju að mismuna rekstraraðilum þegar þeir eru tilgreindir sem slíkra gagna er krafist af.

Skyldur samningsyfirvalda og samningsstofnana til að afla sér hlutaðeigandi gagna beint, með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni sem er án endurgjalds í einhverju aðildarríkjana, gilda einnig þar sem upplýsingarnar, sem krafist er í upphafi varðandi hæfiskröfur, hafa verið takmarkaðar við svarið „já“ eða „nei“. Ef slíkra rafrænna gagna er krafist munu rekstraraðilar því láta samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni í té þær upplýsingar sem þarf til að fá viðkomandi gögn þegar hæfiskröfur eru kannaðar, frekar en að láta þær í té beint í samevrópskri hæfisfirlýsingu bjóðanda.

⁽¹¹⁾ Sbr. 3. mgr. 90. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.

⁽¹²⁾ Þeir munu einnig geta búið til PDF-skjal af samevrópskri hæfisfirlýsingu bjóðanda til að senda rafrænt sem viðhengi. Til þess að geta notað upplýsingarnar aftur síðar ættu rekstraraðilar að vista hæfisfirlýsinguna útfyllta á viðeigandi rafrænu sniði (s.s. .xml).

⁽¹³⁾ Þetta gæti átt við að því er varðar tilskilda lágmarksveltu, sem í slíkum tilvikum verður að ákvarða með hliðsjón af áætluðu hámarksverðmæti einstakra hlutasamninga.

⁽¹⁴⁾ Nema samningsyfirvöld eða samningsstofnanir hafi gefið til kynna að almennar upplýsingar („já“, „nei“) um að kröfur séu uppfylltar nægi til að byrja með. Sjá frekari skýringar á þessum möguleika hér á eftir.

⁽¹⁵⁾ Slíkar kröfur geta verið almennar eða takmarkaðar við tiltekna aðstæður eingöngu, t.d. almenn útboð eða, þegar um er að ræða ferli í tveimur hlutum, aðeins þegar öllum umsækjendum sem uppfylla lágmarkskröfur er boðið að taka þátt.

Þegar útskrift úr viðeigandi skrá, s.s. sakavottorð, er tiltæk samningsyfirvaldi eða samningsstofnun með rafrænum hætti, getur rekstraraðilinn skýrt frá því hvar upplýsingarnar er að finna (þ.e. heiti gagnasafnsins, veffang, auðkenning skrárinnar eða færslunnar o.s.frv.) til að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin geti aflað sér þessara upplýsinga. **Með því að gefa upp þessar upplýsingar gefur rekstraraðili samþykki sitt fyrir því að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin sækir viðkomandi gögn með fyrirvara um landsreglur til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB⁽¹⁶⁾ um vinnslu persónuupplýsinga og einkum tiltekinn flokka upplýsinga s.s. u m lögbrot, refsíðoma eða öryggisráðstafanir.**

Í samræmi við 64. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB geta rekstraraðilar, sem skráðir eru í opinberar skrár yfir samþykktar rekstraraðila eða hafa fengið vottun frá opinberum eða einkaréttarlegum aðilum, að því er varðar upplýsingarnar sem krafist er í III.–V. hluta, afhent samningsyfirvaldi eða samningsstofnun vottorðið um skráningu, sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi, eða vottorðið, sem þar til bær vottunaraðili gefur út.

Rekstraraðili sem tekur þátt í **eigin nafni** og **reiðir sig ekki** á getu annarra aðila til að uppfylla hæfiskröfumnar verður að fylla út **eina** samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.

Rekstraraðili sem tekur þátt í eigin nafni en reiðir sig á getu eins eða fleiri annarra aðila verður að tryggja að samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni berist samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda fyrir hann sjálfan auk **sérstakrar** samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda með viðeigandi upplýsingum⁽¹⁷⁾ **fyrir hvern og einn aðila sem hann reiðir sig á.**

Loks þarf að leggja fram **sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda**, með upplýsingunum sem krafist er í II.–V. hluta, **fyrir hvern** rekstraraðila sem tekur þátt, þegar hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, taka saman þátt í innkaupaferli.

Í öllum tilvikum þar sem fleiri en einn einstaklingur er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn rekstraraðila eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða hjá honum, **gæti** hver og einn þeirra þurft að undirrita sömu samevrópsku hæfisyfirlýsingu bjóðanda, háð reglum í hverju landi fyrir sig, þ.m.t. reglum um gagnavernd.

Að því er varðar undirritun/undirritanir samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda, athugið að undirritun hennar kann að vera ónaðsýnleg ef samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er send sem hluti af skjalamengi þar sem sannvottaður uppruni og heilleiki er tryggður með undirritun/undirritunum sem tilskilin er í tengslum við sendingaraðferðina⁽¹⁸⁾.

Í innkaupaferlum þar sem útboðsauglýsing hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eru upplýsingarnar sem krafist er í I. hluta sóttar sjálfvirkir, **að því tilskildu að framangreind rafræn þjónusta í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda sé notuð til að búa til yfirlýsinguna og fylla hana út.**

Hafi engin útboðsauglýsing verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins verður samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin að færa inn upplýsingar sem auðkenna innkaupaferlið með ótvíræðum hætti. Rekstraraðili skal fylla út allar aðrar upplýsingar í öllum þáttum samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda samanstendur af eftirtöldum hlutum og þáttum:

— **I. hluti. Upplýsingar varðandi innkaupaferlið og samningsyfirvaldið eða samningsstofnunina.**

— **II. hluti. Upplýsingar varðandi rekstraraðilann.**

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stj.íð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽¹⁷⁾ Sjá C-þátt II. hluta.

⁽¹⁸⁾ Til dæmis: ef tilboð í almennu útboði og meðfylgjandi samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda eru send í tölvupósti sem búinn er rafrænni undirskrift af tilskilinni gerð, kunna viðbótarundirritun/-undirritanir hæfisyfirlýsingarinnar að vera ónaðsýnlegar. Rafræn undirskrift á samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda kann einnig að vera ónaðsýnleg ef hæfisyfirlýsingin er felld inn í rafrænan innkaupavettvang þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist til að nota vettvanginn.

- **III. hluti. Útilokunarviðmiðanir:**
 - **A: Ástæður sem tengjast sakfellingu í refsímáli** (beiting þeirra er skyldubundin skv. 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Beiting þeirra er einnig skyldubundin fyrir samningsyfirvöld samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, en hins vegar er samningsstofnunum, öðrum en samningsyfirvöldum, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarviðmiðunum).
 - **B: Ástæður sem tengjast greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga** (beiting þeirra er skyldubundin skv. 2. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB ef um er að ræða endanlega og bindandi ákvörðun. Með sömu skilyrðum er beiting þeirra einnig skyldubundin fyrir samningsyfirvöld samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, en hins vegar er samningsstofnunum, öðrum en samningsyfirvöldum, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarviðmiðunum. Athugið að útilokun kann að vera skyldubundin samkvæmt landslögum tiltekinna aðildarríkja jafnvel þótt ákvörðunin sé ekki endanleg og bindandi).
 - **C: Ástæður sem tengjast ógjaldfærni, hagsmunaaðrekstrum eða misferli í starfi (sjá 4. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB)** (tilvik þar sem heimilt er að útiloka rekstraraðila; aðildarríki geta gert það að skyldu að samningsvöld þeirra beiti þessum útilokunarástæðum. Skv. 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er öllum samningsstofnunum, hvort sem þær eru samningsyfirvöld eða ekki, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarástæðum eða aðildarríki þeirra getur krafist þess af þeim).
 - **D: Aðrar ástæður til útilokunar sem hægt er að gera ráð fyrir í landslögum aðildarríkis samningsyfirvalds eða samningsstofnunar**
- **IV. hluti. Hæfiskröfur** ⁽¹⁹⁾:
 - **a: Almenn atriði varðandi allar hæfiskröfur**
 - **A: Hæfi.**
 - **B: Efnahagsleg og fjárhagsleg staða.**
 - **C: Tæknileg og fagleg geta.**
 - **D: Gæðatryggingarkerfi og umhverfisstjórnunarstaðlar** ⁽²⁰⁾⁽²¹⁾.
- **V. hluti. Fækkun hæfra umsækjenda** ⁽²²⁾.
- **VI. hluti. Lokayfirlýsingar.**

⁽¹⁹⁾ Skv. 2. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB geta samningsstofnanir, hvort sem þær eru samningsyfirvöld eða ekki, ákveðið að beita hæfiskröfunum sem kveðið er á um í 58. gr. tilskipunar 2014/24/ESB (A-, B- og C-þætti IV. hluta).

⁽²⁰⁾ Ekki er kveðið ótvírætt á um notkun samningsstofnana á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda að því er varðar kröfur í tengslum við gæðatryggingarkerfi og umhverfisstjórnunarstaðla (D-þáttur IV. hluta) í tilskipun 2014/25/ESB en hana ætti engu að síður að heimila af hagkvæmnisástæðum þar eð 62. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 81. gr. 2014/25/ESB eru í meginatriðum eins.

⁽²¹⁾ Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. tilskipunar 2014/25/ESB skulu samningsstofnanir velja þátttakendur á grundvelli hlutlægra reglna og viðmiðana. Eins og lýst er hér að framan geta þessar viðmiðanir í sumum tilvikum verið þær sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB eða innihaldið ákvæði sem eru í meginatriðum eins (sjá 16. neðanmálgrein). Þó geta þessar hlutlægu reglur og viðmiðanir einnig verið sérstaklega miðaðar við tiltekna samningsstofnun eða tiltekið innkaupaferli. Staðlað eyðublað getur þó ekki tekið til slíkra tilvika.

⁽²²⁾ Ekki er kveðið ótvírætt á um notkun samningsstofnana á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda að því er varðar fækkun hæfra umsækjenda (V. hluti) í tilskipun 2014/25/ESB en hana ætti engu að síður að heimila af hagkvæmnisástæðum þar eð þess er krafist í 65. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 2. mgr. 78. gr. tilskipunar 2014/25/ESB að slík fækkun skuli fara fram í samræmi við hlutlægar forsendur eða reglur án mismununar.

II. hluti: Upplýsingar varðandi rekstraraðilann

A: UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTRARAÐILANN

Auðkennisupplýsingar:	Svar:
Nafn:	[]
Virðisaukaskattsnúmer (ef við á):	[]
Ef virðisaukaskattsnúmer á ekki við þá tilgreinið annað landsbundið auðkennismúmer, ef krafist er og við á	[]
Póstfang:	[.....]
Tengiliður eða tengiliðir ⁽⁶⁾ :	[.....]
Sími:	[.....]
Tölvupóstfang:	[.....]
Veffang (ef við á):	[.....]
Almennar upplýsingar:	Svar:
Er rekstraraðili örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki ⁽⁷⁾ ?	[] Já [] Nei
Fyllið aðeins út ef um er að ræða innkaup sem eru bundin við ákveðna hópa ⁽⁸⁾: er rekstraraðili verndaður vinnustaður, „félagslegt fyrirtæki“ ⁽⁹⁾ eða mun hann framkvæma samninginn innan ramma áætlana um verndaða vinnu? Ef svarið er já hvert er hlutfall fatlaðra eða illa settra starfsmanna? Ef þess er krafist, tilgreinið hvaða flokki eða flokkum fatlaðra eða illa settra starfsmanna viðkomandi launþegra tilheyrir.	[] Já [] Nei [.....] [.....]
Ef við á, er rekstraraðilinn skráður í opinbera skrá yfir samþykka rekstraraðila eða hefur hann fengið jafngilt vottorð (t.d. samkvæmt landsbundnu (fór) hæfismatskerfi)?	[] Já [] Nei [] Á ekki við
Ef svarið er já: Svarið þeim hlutum þessa þáttar sem eftir eru, þætti B og, ef við á, þætti C í þessum hluta, fyllið út V. hluta, þar sem við á, og fyllið út og undirritið VI. hluta í öllum tilvikum. a) Gefið upp heiti skrárinnar eða vottorðsins og viðeigandi skráningarnúmer eða númer vottunar, ef við á: b) Ef hægt er að nálgast vottorðið um skráningu eða vottunina rafrænt, tilgreinið:	a) [.....] b) (veffang, útgáfufyrirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....][.....]

⁽⁶⁾ Endurtakið upplýsingar um tengiliði eins oft og þörf krefur.

⁽⁷⁾ Sbr. tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum, (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36). Þessara upplýsinga er eingöngu krafist vegna hagskýrslugerðar.

Örfyrirtæki: fyrirtæki sem **hefur færri en 10 starfsmenn** og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer **ekki yfir 2 milljónir evra**.

Lítill fyrirtæki: fyrirtæki sem **hefur færri en 50 starfsmenn** og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer **ekki yfir 10 milljónir evra**.

Meðalstór fyrirtæki: fyrirtæki sem eru hvorki örfyrirtæki né lítill fyrirtæki og hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer **ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra**.

⁽⁸⁾ Sjá lið III.1.5 í útboðstilkynningu

⁽⁹⁾ Þ.e. sem hefur félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði.

<p>c) Tilgreinið tilvísanir sem liggja til grundvallar skránni eða vottuninni og, eftir atvikum, flokkunina í opinberu skránni ⁽¹⁰⁾:</p> <p>d) Tekur skráningin eða vottunin til allra tilskilinna hæfiskrafna?</p> <p>Ef svarið er nei:</p> <p>Fyllið út að auki þær upplýsingar sem vantar í A-, B-, C- eða D-þátt IV. hluta eftir því sem við á</p> <p>AÐEINS ef þess er krafist í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum:</p> <p>e) Getur rekstraraðili lagt fram vottorð um greiðslu framlags til almannatrygginga og skatta eða látið í té upplýsingar sem gera samningsyfirvaldi eða samningsstofnun kleift að afla sér þess beint með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni sem er án endurgjalds í einhverju aðildarríkjanna?</p> <p>Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi tilgreinið:</p>	<p>c) [.....]</p> <p>d) <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei</p> <p>e) <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei</p> <p>(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna):</p> <p>[.....][.....][.....][.....]</p>
Tilhögun þátttöku:	Svar:
Tekur rekstraraðilinn þátt í innkaupaferlinu ásamt öðrum ⁽¹¹⁾ ?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Ef svarið er já, tryggjið að aðrir hlutaðeigandi aðilar fylli út sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.	
Ef svarið er já:	
a) Tilgreinið hlutverk rekstraraðilans í hópnum (fer hann fyrir hópnum, ber hann ábyrgð á tilteknum verkefnum...):	a): [.....]
b) Tilgreinið hina rekstraraðilana sem taka þátt í innkaupaferlinu:	b): [.....]
c) Heiti hópsins sem tekur þátt, ef við á:	c): [.....]
Hlutasamningar	Svar:
Hlutasamningur (hlutasamningar) sem rekstraraðili óskar eftir að bjóða í, ef við á:	<input type="checkbox"/>

B: UPPLÝSINGAR UM FULLTRÚA REKSTRARADILANS

Ef við á, tilgreinið nafn/nöfn og heimilisfang/-föng einstaklingsins/einstaklinganna sem hefur/hafa umboð til að koma fram fyrir hönd rekstraraðilans að því er varðar innkaupaferlið:

Fyrirsvar (ef við á):	Svar:
Fullt nafn:	[.....];
ásamt fæðingardegi og -ári og fæðingarstað, ef krafist er:	[.....]
Staða/Kemur fram sem:	[.....]
Póstfang:	[.....]
Sími:	[.....]
Tölvupóstfang:	[.....]
Ef þörf er á, veitið ítarlegar upplýsingar um fyrirsvarið (form þess, umfang, tilgang ...):	[.....]

⁽¹⁰⁾ Tilvísanir og flokkun, ef við á, koma fram á vottuninni.

⁽¹¹⁾ Einkum sem hluti af samstæðu, fyrirtækjasamtökum, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða sambærilegu.

C: UPPLÝSINGAR UM HVORT BYGGT ER Á GETU ANNARRA AÐILA

Byggt á getu:	Svar:
Reiðir rekstraraðilinn sig á getu annarra aðila til að uppfylla hæfiskröfurnar sem settar eru fram í IV. hluta og forsendurnar og reglurnar (ef við á) sem settar eru fram í V. hluta hér á eftir?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

Ef svarið er já, leggið fram sérstaka samevrópska hæfisfirlýsingu bjóðanda með þeim upplýsingum sem krafist er í **A- og B-þætti þessa hluta og í III. hluta fyrir hvern** viðkomandi aðila, útfyllta með tilhlýðilegum hætti og undirritaða af viðkomandi aðilum.

Athugið að þetta ætti einnig að eiga við um tæknimenn eða tæknilega aðila, sem ekki heyra beint undir fyrirtæki rekstraraðilans, einkum þá sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti og, þegar um er að ræða opinbera verksamninga, þá tæknimenn og tæknilegu aðila sem verktaki getur leitað til vegna framkvæmdar verksins.

Tiltakið upplýsingarnar í IV. og V. hluta fyrir hvern viðkomandi aðila að því marki sem þær tengjast þeirri tilteknu getu sem rekstraraðilinn reiðir sig á ⁽¹²⁾.

D: UPPLÝSINGAR UM UNDIRVERKTAKA EF REKSTRARAÐILI REIÐIR SIG EKKI Á GETU ÞEIRRA

(Þennan þátt þarf aðeins að fylla út fari samningsyfirvald eða samningsstofnun sérstaklega fram á það.)

Undirverktakastarfsemi:	Svar:
Hyggst rekstraraðili láta þriðju aðila framkvæma einhvern hluta samningsins í undirverktöku?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei Ef svarið er já og að svo miklu leyti sem vitað er , teljið upp fyrirhugaða undirverktaka: [...]

Fari samningsyfirvald eða samningsstofnun sérstaklega fram á að þessar upplýsingar séu veittar til viðbótar við upplýsingarnar í þessum þætti, veitið upplýsingarnar í A- og B-þætti þessa hluta og í III. hluta fyrir hvern (flokk) undirverktaka sem í hlut á.

⁽¹²⁾ T.d. varðandi tæknilega aðila sem koma að gæðaeftirliti: 3. liður C-þáttar IV. hluta.

III. hluti: Ástæður til útilokunar

A: ÁSTÆÐUR SEM TENGJAST SAKFELLINGU Í REFSIMÁLI

